



Borgarráð

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stefnu borgarinnar í kjaramálum leikskólakennara og vinnu kjarasamninganefndar borgarinnar.

Á fundi borgarráðs þann 9. janúar 2020 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn um stefnu borgarinnar í kjaramálum leikskólakennara og vinnu kjarasamninganefndar borgarinnar:

Félag leikskólakennara hefur kvartað yfir starfsaðstæðum leikskólakennara. Borgarfulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hver sé stefna borgarinnar í kjaramálum leikskólakennara og hvernig kjarasamninganefnd borgarinnar hefur útfært stefnuna í samningaviðræðum hvað varðar eftirfarandi þætti: 1. Skilgreina kjarasamning leikskólakennara starfs- og vinnutíma og samræma að fullu við grunnskólann. 2. Skilgreina og búa til betri ramma um kennsluskyldu leikskólakennara og ramma inn tíma fyrir faglegt starf fyrri part dags í kjarasamningi. 3. Útfæra vinnutímaskipulag leikskólakennara í kjarasamning með sama hætti og grunnskólakennara þannig að á skólaári leikskóla séu leikskólakennarar búnir að vinna sér inn rétt á sömu fríum og í grunnskólum. Sérlega skortir betri ramma um faglegt starf í leikskólum.

Svar:

Samband íslenskra sveitarfélaga fer með samningsumboð borgarinnar gagnvart stéttarfélögum innan KÍ, þar meðtalið Félagi leikskólakennara.

Ljóst er að niðurstöður annarra samninga hafa áhrif á kjaraviðræður við Félag leikskólakennara.

Stytting vinnuviku er eitt af þeim meginatriðum sem rætt hefur verið við þá viðsemjendur

Reykjavíkurborgar sem hafa verið með lausa kjarasamninga frá 1. apríl 2019.

Þá má reikna með að viðræður við Félag leikskólakennara munu m.a. fjalla um vinnutímaskipulag leikskólakennara og undirbúningstíma fyrir fagleg störf þeirra.

Lóa Birna Birgisdóttir
sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs

